

**Fundargerð samstarfsnefndar
KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu,
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu, í Borgartúni 21, þann 7. október 2019, kl. 16:00.

Mættir voru Arna Jakobína Björnsdóttir fulltrúi KJALAR og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Uppsögn á störfum vegna skipulagsbreytinga – 1910005SA

Erindi frá Kili vegna uppsagnar fjögurra starfsmanna sveitarfélags. Uppsagnirnar áttu sér stað í tengslum við skipulagsbreytingar hjá sveitarfélaginu. Kjölur óskar eftir afstöðu samstarfsnefndar til þess hvort sveitarfélagið hafi brotið lög við meðferð málsins, þannig að umræddar uppsagnir séu ólögmætar.

Niðurstaða

Samstarfsnefndin telur að framkvæmd uppsagna hafi ekki verið í fullu samræmi við kjarasamninga. Óljóst er af framkvæmd sveitarfélagsins hvort störfin hafi verið lögð niður eða hvort um hafi verið að ræða verulegar breytingar á þeim.

Fulltrúar sambandsins telja gögn málsins gefa til kynna að um hafi verið að ræða breytingar á störfunum sem bar að tilkynna í samræmi við gr. 11.1.4.1. gildandi kjarasamnings. Ekki er þó hægt að staðhæfa að gallar í framkvæmdinni leiði til þess að uppsagnirnar teljist ólögmætar. Fulltrúar SNS beina þeim tilmælum til sveitarfélagsins að ljúka sem fyrst starfslokauppgjöri við viðkomandi starfsmenn.

Fulltrúi Kjalara telur uppsagnir umræddra starfsmanna sveitarfélagsins ólögmætar. Uppsögn starfsmanna sveitarfélaga frá störfum er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæða kjarasamninga. Slík ákvörðun verður að vera í samræmi við skráðar og óskráðar reglur stjórnarsýsluréttar óháð því hvort uppsögn byggist á þörf fyrir skipulagsbreytinga eða öðrum ástæðum. Í þessu máli hefur sveitarfélagið ekki sýnt fram á að lögum hafi verið fylgt og raunar neitað að afhenda gögn málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.